

Ferðamálaráð Uppsveitanna. 5. fundur haldinn mánudaginn 10. apríl 2017 kl. 15.00 í Aratungu.

Mætt: Gunnar Örn Marteinnsson, (Skeiða- og Gnúpverjahreppur), Kristinn Bjarnason (Bláskógabyggð), Unnsteinn Eggertsson (Hrunamannahreppur) sem ritaði fundargerð, Karl Þorkelsson (Grímsnes- og Grafningshreppur) og Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi bauð viðstadda velkomna og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. Staða ferðaþjónustunnar í uppsveitum.**
- 2. Önnur mál.**

1. Staða ferðaþjónustunnar í uppsveitum.

Ásborg fór yfir stöðuna og fjallaði í því sambandi m.a. um niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal Íslendinga gagnvart ferðamönnum, þar sem helsta atriðið snýr að þolmörkum íslenskrar náttúru vegna fjölgunar. Borin eru saman árin 2014 og 2017.

Árið 2014 var talið að fjöldinn væri hæfilegur að sumri til og of fámennt að vetri til, en nú er meirihlutinn á þeirri skoðun að fjöldinn sé orðinn of mikill, bæði sumar og vetur.

„Matarauður Íslands“ er nýtt verkefni um matvælaframleiðslu-, menningu og matarferðaþjónustu sem er á forræði landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins. Áherslan er mikil á þessu sviði í ferðaþjónustunni í dag.

Meiri áhersla er innan ráðuneytisins með fjölgun starfsfólks á sviði ferðamála. Framkvæmdasjóður um úrbætur á ferðamannastöðum verður endurskoðaður, þar sem líklegast er að ríkisstofnanir fari úr, en sveitarfélög og einkaaðilar séu inni. Einnig er í gangi endurskoðun á lögum er snúa að greininni.

Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarminjum er lokið fyrir 2017 og 12 ára áætlunin er í vinnslu sem og framkvæmdaáætlun til 3ja ára í senn. Fyrirkomulagið er sambærilegt við samgönguáætlanagerðina.

DMP – Destination Management Plans. Ferðamálastofa stýrir verkefninu þar sem unnin er stefnumótun fyrir hvert landssvæði fyrir sig. Í dag er verkefnið komið inn á 2. stig, en á stigi nr. 1 var unnin forvinna og undirbúningur. Nú er unnið að skilgreiningu, yfirfærslu og samræmingu. Suðurlandinu er skipt í 3 svæði, vestur, mið og austursvæði. Ráðnir hafa verið 2 verkefnastjórar til að vinna verkefnið áfram, en yfirumsjón er í höndum Tom Buncle frá Skotlandi sem hefur langa reynslu af verkefnum sem þessum. Allir áhugasamir íbúar uppsveitanna fá tækifæri til að koma að þessari vinnu.

Margir viðburðir eru framundan í uppsveitum, eins og undanfarin ár; Borg í sveit, Uppsprettan Árnesi, KIA Gullhringurinn, Gullspretturinn á Laugarvatni, Verslunarmannahelgin, Furðubátakeppnin ofl.ofl.

Uppsveitahringurinn er ekki í ákveðnum farvegi í ár og því ekki ljóst hvort af honum verði. Rædd var sú hugmynd að færa þá keppni af vegunum og breyta keppninni t.d. í fjallahjólakeppni þar sem hjólað yrði upp á hálendis, t.d. inn í Kerlingafjöll. Samþykkt að Ásborg kanni áhuga Fannborgar á slíku verkefni/viðburði.

2. Önnur mál

Ljósleiðaramál. Rætt var um stöðu mála og mikilvægi ljósleiðara fyrir uppsveitirnar í heild, þar sem vandinn er orðinn mikil á sumum svæðum.

Hóþferð ferðaþjónustuaðila. Samþykkt að hefja undirbúning að hóþferð ferðaþjónustuaðila í uppsveitum næsta haust þar sem farið verður um Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Ásborg skoðar næstu skref.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16.40.